## 10. bekkur – námsgrein: SAMFÉLAGSFRÆÐI – kennari: Helgi Hrafn Ólafsson – tímafjöldi: 3 tímar á viku

**Námsgögn**:

- Hilmar Egill Sveinbjörnsson – Rafbók Menntamálastofnunar – Um víða veröld - Heimsálfur - Gagnvirk rafbók
- Synnove Veinan Hellerud, Ketil Knutsen & Sigrid Moen, þýtt/staðfært: Gunnar Karlsson – Rafbók Menntamálastofnunar – Styrjaldir og kreppa: Saga 20. aldar I
- Synnove Veinan Hellerud & Ketil Knutsen, þýtt/staðfært: Gunnar Karlsson – Rafbók Menntamálastofnunar – Frelsi og velferð: Saga 20. aldar II
- Jóhann Björnsson – Rafbók Menntamálastofnunar – 68 æfingar í heimspeki
- Ítarefni frá kennara

**Lykilhæfni:**

***Tjáning og miðlun:* Hæfni nemenda til að tjá hugsanir sínar, tilfinningar og skoðanir munnlega, skriflega og á annan hátt. Hæfni til að miðla þekkingu og leikni sinni og flytja mál sitt skýrt og áheyrilega og taka þátt í samræðum og rökræðum.**

***Skapandi og gagnrýnin hugsun:* Skapandi hugsun og frumkvæði í efnistökum og úrvinnslu. Hæfni nemenda til að nota þekkingu og leikni, draga ályktanir, áræðni til að leita nýrra lausna og beita gagnrýnni hugsun og röksemdafærslu.**

***Sjálfstæði og samvinna:* Hæfni til að vinna sjálfstætt, samstarfi við aðra og undir leiðsögn.**

***Nýting miðla og upplýsinga:* Hæfni nemenda til að nýta margvíslega miðla í þekkingarleit, úrvinnslu og miðlun og nýta upplýsingar á ábyrgan, skapandi og gagnrýninn hátt.**

***Ábyrgð og mat á eigin námi:* Hæfni nemenda til að bera ábyrgð á eigin námi og leggja mat á eigin vinnubrögð og frammistöðu.**

**Grunnþættir:**
Samkvæmt aðalnámskrá grunnskóla eru grunnþættir menntunar sex. Unnið er með alla þessa þætti, en þó mismikið eftir árgöngum: *læsi, sjálfbærni, lýðræði og mannréttindi, jafnrétti, heilbrigði og velferð, sköpun.* Sjá nánar í skólanámskrá Landakotsskóla.

**Lokanámsmat í samræmi við hæfniviðmið aðalnámskrár.**

Í Landakotsskóla er leitast við að námsmat sé leiðbeinandi og nái utan um fjölbreytta hæfni nemenda. Í megindráttum er endurgjöf og námsmat til nemenda með tvenns konar hætti:

- *í formi óformlegs námsmats í gegnum samtal, hvatningu og leiðsögn í kennslustundum sem byggt er á skýrum markmiðum sem eru nemendum ljós.*
- *með formlegri hætti með ólíkum verkefnum sem nemandi vinnur ýmist í skólanum eða sem heimaverkefni. Nemendur sýna hæfni sína með ritgerðum, kynningum, munnlegum, verklegum eða skriflegum prófum, leikþáttum, stuttmyndum, framsöguverkefnum myndverkum eða dansverkum þar sem styrkleikar nemenda geta notið sín. Í þessum verkefnum fá nemendur formlegri endurgjöf sem getur verið í formi einkunnarorða, bókstafa, prósentutölu, stigagjafar eða umsagnar. Nemendur vinna einnig sjálfsmat og jafningamat með sambærilegum hætti. Námsmatið er grundvallað á þeim hæfniviðmiðum sem unnir er með hverju sinni.*

**Hæfniviðmiðin eru sá grundvöllur sem náms- og kennsluaðferðir og námsmat byggjast á.**

- *Hæfniviðmiðin skýra fyrir nemendum til hvers er ætlast af þeim og leiðbeina við námið, hvetja og auka skilning á tilgangi námsins.*
- *Hæfniviðmiðin hjálpa kennurum að gera sér skýra grein fyrir því hvað það er sem þeir vilja að nemendur nái tökum á varðandi þekkingu og leikni.*
- *Hæfniviðmiðin hjálpa kennurum að velja hentugar kennsluaðferðir og skilgreina hvernig meta skuli árangur og hvort tiltekinni hæfni sé náð.*

| Námsþættir | Hæfniviðmið | Náms-og kennsluaðferðir | Námsmat |
|---|---|---|---|
| | | | <u>Vinnubók:</u> **<u>30%</u>**<br>(Vinnubók tilheyra glósur í tímum, svör við verkefnum í rafbókum, „fundargerðir“ málfunda og niðurstöður hópastarfs o.þ.h.)<br><br><u>Kaflapróf:</u> **<u>40%</u>**<br>6 af 7 kaflaprófum gilda til lokaeinkunnar. (Hér er átt við |

| | | | |
|---|---|---|---|
| | | | kaflapróf sem fylgja kaflaskiptingum í áfanganum og hafa ákveðnar dagsetningar)<br><br><u>Verkefni og þátttaka:</u> **<u>30%</u>**<br>Annars vegar 5 stærri verkefni og hins vegar þátttaka í smærri verkefnum og í kennslustundum. Þetta geta verið hópverkefni, málfundir, samræðukennslustundir, myndbandagerð o.s.frv. |
| | | | |
| | | | |
| | | | |

| | | | |
|---|---|---|---|
| | | | |

| **ANNARÁÆTLUN** | | | | |
|---|---|---|---|---|
| **Tímabil** | **Viðfangsefni** | **Námsefni** | **Dagsetning mats** | **Annað** |
| ágúst – september | **Saga**<br>Aðdragandi seinni heimsstyrjaldarinnar<br>Seinni heimsstyrjöldin | Styrjaldir og kreppa rafbók MMS<br>4. kafli – Allt vald til foringjans<br>5. kafli – Stríðið sem kom við alla<br>Myndbönd<br>Ítarefni frá kennara | Verkefni í lok tímabilsins<br>**28. september** | 28.ágúst.-1. sept.: Kynning á starfi vetrar<br>8. sept.: Dagur læsis<br>12. sept.: Myndataka 8.-10. bekkjar<br>27. sept.: UNESCO dagur Landakotsskóla & Evrópski tungumáladagurinn<br>29. sept.: Starfsdagur (frístund opin) |
| október | **Landafræði**<br>Evrópa<br>Norður-Ameríka | Um víða veröld - Heimsálfur rafbók MMS<br>2. kafli – Evrópa<br>5. kafli – Norður-Ameríka<br>Myndbönd<br>Ítarefni frá kennara | Verkefni:<br>Land og þjóð<br>**13. október**<br><br>Kaflapróf<br>**20. október** | 4. okt.: Foreldradagur<br>23. okt.-3. nóv.: Þemadagar<br>27.-30. okt.: Vetrarleyfi |
| nóvember – desember | **Saga**<br>Sameinuðu þjóðirnar<br>Kalda stríðið | Frelsi og velferð rafbók MMS<br>1. kafli – Friður á jörð…<br>2. kafli – Kalda stríðið<br>Myndbönd<br>Ítarefni frá kennara | Verkefni:<br>Aðildaríki SÞ<br>**13. nóvember**<br><br>Kaflapróf<br>**8. desember** | 8. nóv.: Baráttudagur gegn einelti<br>14. nóv.: Starfsdagur kennara<br>16. nóv.: Dagur íslenskrar tungu<br>20. nóv.: Dagur mannréttinda barna<br>1. des.: Fullveldisdagur Íslands<br>19. des.: Jólaskemmtanir<br>20. des.: Jólafrí |

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| | | | Vinnubók metin í lok annar<br>**Lokaskil 8. des.** | |
| janúar – febrúar | **Landafræði**<br>Asía<br>Afríka | Um víða veröld - Heimsálfur rafbók MMS<br>3. kafli – Asía<br>4. kafli – Afríka<br>Myndbönd<br>Ítarefni frá kennara | Verkefni: Land og þjóð<br>**26. janúar**<br><br>Kaflapróf<br>**31. janúar**<br><br>Verkefni: Land og þjóð<br>**9. febrúar**<br><br>Kaflapróf<br>**16. febrúar** | 2. jan.: Starfsdagur kennara<br>19. jan.: Bóndadagur - upphaf Þorra<br>23. jan.: Foreldradagur<br>12. feb.: Bolludagur<br>13. feb.: Sprengidagur<br>14. feb.: Öskudagur<br>18. feb.: Konudagur - upphaf Góu<br>19.-23. feb.: Vetrarleyfi |
| febrúar – apríl | **Saga**<br>Íslenska velferðarríkið<br>Ísland og umheimurinn<br>Deilur í Mið-Austurlöndum | Frelsi og velferð rafbók MMS<br>3. kafli – Smáþjóð í hörðum heimi<br>4. kafli – Deilur í Mið-Austurlöndum<br>Myndbönd<br>Ítarefni frá kennara | Kaflapróf<br>**15. mars**<br><br>Kaflapróf<br>**17. apríl** | 6. mars: Starfsdagur<br>23. mars-1. apríl: Páskafrí |
| apríl | **Heimspeki**<br>Hugtakagreining<br>Skapandi hugsun og ímyndunarafl<br>Siðfræði | Æfingar í heimspeki rafbók MMS<br>Ítarefni frá kennara | Verkefni unnin á tímabilinu<br>**30. apríl** | 23.-26. apríl: Barnamenningarhátíð<br>25. apríl: Sumardagurinn fyrsti |

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| maí | **Landafræði**<br>Suður-Ameríka<br>Eyjaálfa<br>Suðurskautslandið - Antarktíka | Um víða veröld - Heimsálfur rafbók MMS<br>6. kafli – Suður-Ameríka<br>7. kafli – Eyjaálfa<br>8. kafli – Suðurskautslandið - Antarktíka<br>Myndbönd<br>Ítarefni frá kennara | Verkefni: Land og þjóð<br>**17. maí**<br><br>Kaflapróf<br>**24. maí**<br><br>Vinnubók metin í lok annar<br>**Lokaskil 24. maí** | 1. maí: Verkalýðsdagurinn<br>9. maí: Uppstigningardagur<br>10. maí: Starfsdagur<br>19. maí: Hvítasunnudagur<br>20. maí: Annar í hvítasunnu |
| júní | **Heimspeki**<br>Gagnrýnin hugsun<br>Efahyggja | Æfingar í heimspeki rafbók MMS<br>Ítarefni frá kennara<br>Myndbönd<br>Ítarefni frá kennara | | 5. júní: Ferðadagur<br>6. júní: Vorhátíð<br>7. júní: Skólaslit |

**Áskilinn er réttur til breytinga á áætlun og námsmati.**